

930 skráðu sig til leiks á Læknadögum

„Ánægja með Læknadaga var mikil. Margir hafa komið að máli við mig og talað um það,“ segir Reynir Arngrímsson, formaður Læknafélags Íslands og formaður Fræðslustofnunar. Hann segir ráðstefnuna hafa tekist betur en oft áður. Aðsóknin hafi verið með mesta móti en alls 930 manns sóttu Læknadaga sem haldnir voru í Hörpu dagana 20.-24. janúar. Gestum fjölgaði um 10% milli ára.

„Læknadagar eru mikilvægir í símenntun lækna. Fjölbreytt erindi höfðuð til stéttarinnar sem sást á góðri mætingu,“ segir hann. „Læknadagar eru hluti af því átaki félagsins að efla símenntun,“ segir hann.

Haldin voru 184 erindi á 28 málþingum. Fyrirlesarar voru 177, þar af 145 lækna. Prettán erlendir gestir tóku þátt í Læknadögum í ár.

„Mjög ánægjulegt er hve margir lækna tóku tíma til þess að fræða aðra lækna um þeirra sérsvið og stuðla þannig að breiðari þekkingu í samfélagi lækna,“ segir hann.

Fræðslustofnun hélt utan um dagskrána í ár og skipuðu fulltrúar hennar undirbúningsnefndina. Auk Reynis eru þau Arngrímur Vilhjálmsson, Margrét Aðalsteinsdóttir, Nanna Sigríður Kristinsdóttir, Ólafur Már Björnsson og Runólfur Pálsson í nefndinni.



Sigurður Guðmundsson fyrrum landlæknir glaðvakandi á milli tveggja svæfingalækna, Ingunnar Þorsteinsdóttur og Hjördísar Smith.



Guðrún Agnarsdóttir, Davíð Gíslason ofnæmislæknir og Sigurveig Sigurðardóttir ofnæmislæknir.



Valgerður Rúnarsdóttir stýrði fundi um lögleiðingu kannabis. Christian G. Schütz frá háskólanum í British Columbia og Sigurður Örn Hektorsson geðlæknir voru frummælendur á þessum fjölsöta fundi.



Benedikt Sveinsson kvensjúkdomalæknir, Kristín Sigurðardóttir slysalæknir og Magni Jónsson lungnalæknir.



Júlía Linda Ómarsdóttir hjúkrunarfræðingur og Gerður Ágost Árnadóttir heimilislæknir, þær vinna saman á Heilsugæslustöð Gardabæjar.



Una Emilsdóttir unglæknir og Helga Ágústa Sigurjónsdóttir innkirtlalæknir.




Heimilislæknar að krunka saman: Margrét Georgsdóttir og Bjarni Jónasson.



Ragnar Freyr Ingvarsson, Helga Ágústa, William F. Young frá Mayo Clinic í Rochester og Björn Guðbjörnsson, - þau voru þátttakendur í málþinginu um kortisón.



Samherjar í fræðunum: Ólöf Sigurðardóttir og Lilja Sigrún Jónsdóttir.



Skeleggir öldungar: Tryggvi Ásmundsson og Sigurður E. Þorvaldsson.



Stefán B. Matthíasson og Einar Þór Þórarinnsson, - Heilsugæsla Seltjarnarness var og er þeirra bækistöð.



Allir vildu komast á málþingið í Kaldalóni um kynlífsraskanir. Eiríkur Orri Guðmundsson, Áslaug Kristjánsdóttir, Magnús Haraldsson, Sigríður Dögg Arnardóttir og Auður Smith báru hitann og þungann af þinginu.



Við opnun Læknadaga var undirritaður samstarfssamningur milli lyfjaframleiðenda, markaðarins og Læknafélags Íslands um siða og samskiptareglur: Ólafur Stephensen framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, Jakob Falur Garðarsson framkvæmdastjóri Frumtaka, Reynir Arngrímsson formaður LÍ og Andrés Magnússon framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu.

Heimislæknar stóðu fyrir þingi um Salutogenesis: Machteld Huber frá Utrecht, Pétur Heimisson á Egilsstöðum, Elinborg Bárðardóttir, Svönn Bengt Lindström og Alma Möller landlæknir.



Dagbjörg B. Sigurðardóttir geðlæknir og Davíð O. Arnar hjartalæknir með tengdadóttur sína og barnabarn, dreng sem var mættur á sína fyrstu Læknadaga.

Ungir og almennir læknar: Páll Guðmundsson, Þórdís Kristjánsdóttir, Signý Lea Gunnlaugsdóttir, Valgerður Bjarnadóttir, María Björk Baldursdóttir og Hjálmar Agnarsson.



Ólafur Sveinbjörnsson, Guðmundur Pálsson, Ásgeir Bjarnason og Hrafnkell Óskarsson.